

Siglingaráð

38. fundur

Dags.: 2. febrúar 2023, kl. 11:00 til 13:05 í Samgöngustofu og Teams.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (irn), Rannveig Grétarsdóttir (SAF), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Árni Sverrisson (Félag skipstjórnarmanna), Ásgrímur L. Ásgrímsson (LHG), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Örn Pálsson (Landssamband smábátæigenda), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Lúðvík Geirsson (Samband ísl. sveitarfélaga), Eyþór H. Ólafsson (SVF), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Þorsteinn Þorkelsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Eggert Ólafsson (irn), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Arthur Bogason (Landssamband smábátæigenda), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands).

Gestir fundar: Gísli Níls Einarsson, Guðmundur Sigurðsson og Gunnar Rúnar Ólafsson frá Öryggisstjórnun.

Lagt var fram:

- Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
- Fundargerð 37. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
- Kynning á Öldu öryggishugbúnaði, Öryggisstjórnun (send í tölvupósti).
- Öryggisáætlun sjófarenda drög (send í tölvupósti).
- Ályktun Siglingaráðs um sölu á TF Sif (send í tölvupósti).
- Ályktun um að hætta ekki útsendingum á langbylgju (send í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn.

- Fundargerð 37. fundar samþykkt.**
- Aldan öryggishugbúnaður.** GNE, GS og GRÓ kynntu teymið sem stendur að Öryggisstjórnunarkerfinu Öldunni (sjá gagn nr. 3) rafræna umsýslu öryggismála í fiskiskipum með notkun rafrænna gátlista og leiðbeininga, aðgengilegum í síma, með og án netsambands. Aldan stuðli að bættari öryggismenningu til sjós og eflir forvarnir gegn slysum Áhersla er lögð á áhættumat, reglulegar björgunaræfingar um borð, öryggiseftirlit áhafnar, nýliðafræðslu og almenna fræðslu um öryggismál. Aldan er þróuð í samvinnu við útgerðir og áhafnir skipa, Tækniskólann og Slysavarnaskóla sjómanna. Prófanir eru að hefjast um borð í Páli Jónssyni GK og fleiri skip bætast svo við. Aldan verður aðlöguð að skipum við innleiðingu. Með innleiðingu fást einnig gögn fyrir mælikvarða m.a. á virkni áhafna í öryggismálunum. Þá var kynnt hugmynd að „Öggu“ einfölduðu öryggisstjórnunarkerfi fyrir smábáta sem gæti verið tilbúinn vorið 2024 ef fáist fjármagn en gert er ráð fyrir að Agga verði endurgjaldslaus fyrir smábáta. Í umræðu var almennt tekið vel í Ölduna og kerfið gæti virkað vel fyrir sjómenn. VV og ÁS höfðu áður fengið kynningu á verkefninu og hvöttu teymið til að fylgja þessu eftir. RG tók undir með þeim og lagði til að hugbúnaðurinn verði heimfærður á farþegabáta.
- Áætlun ársins 2023.** ÁP og ÞP fóru yfir áætlunina og verður hún send fulltrúum í tölvupósti. Fjármunir til ráðstöfunar eru óbreyttir milli ára. Óskað var eftir tillögum að atriðum sem leggja þarf áherslu á í auglýsingum. Hlustun á rás 16 verður áfram er í forgrunni sem og fræðsla um fjarskipti skipa í samráði við LHG. Umræða var um uppblásanleg björgunarvesti og staðsetningarbúnað í þeim en búnaðurinn skiptir sköpum við leit og björgun manna sem fallið hafa í sjó. Lagt var til að leggja áherslu á mikilvægi þess að nota öryggisbúnaðinn og huga vel að ástandi hans. ÁP benti á að 18. maí verði framvegis tileinkaður sjókonum/konum í siglingum og lagði til samstarf við KIS, Samtök kvenna í sjávarútvegi. Alþjóðasiglingadagurinn verður þann 28.

september en þá verður þemað tileinkað MARPOL samningnum og upplagt að kynna stöðu Íslands með ráðstefnu. Stefnt er að því að halda ráðstefnu um öryggismál sjófarenda í vor með áherslu á björgunarbúnað skipa.

ÞP sagði frá fundi SGS, slökkviliðs, flutningafyrirtækja o.fl um bruna í rafmagnsbílum og rafknúnum skipum í næstu viku. Stefnt er að ráðstefnu um málin næsta haust m.a. með umfjöllun um bruna í rafgeymi norska rafknúna skipins Brim þar sem slökkvistarf tók viku. BA spurði um hvernig regluverkið um rafmagnsskip væri í samanburði við önnur skip. GHB upplýsti að reglurnar væru til fyrir skipin en ekki um flutninga rafbíla sbr. brunann í Felicity Ace sem brann í vör vikur áður en það sökk. Enn eru engar reglur um metan eða aðra nýorkugjafa fyrir skip. .

ÞP upplýsti að Slysavarnafélagið Landsbjörg ætli að fá Landann til að fjalla um smábáta sem eru til fyrirmyndar og fyrirhugað er verkefni um öryggi á strandveiðum í samstarfi við LS.

- 4) **Lög og reglugerðir.** Umræða var um framkvæmd reglugerðabreytinga (sjá einnig 37. fund) en ferlið er hægt. ÁP upplýsti að viðaukar reglugerðar um lyf- og lækningatæki séu tilbúnir enn ekki komnir staðfestir þar sem einnig er áformað að skýra undanþáguákvæði hennar. Breyting á reglugerð um farþegabáta hefur tafist of lengi og ætlar ÁP að athuga málið. Fara þarf í endurskoðun á reglugerð um breytingu á 122/2004 með 562/2021 er varða séríslensku kröfurnar. BA benti á að seinna frumvarp til laga um breytingu á hafnarlögum væri ekki komið í samráðsgáttina.

- 5) **Öryggisáætlun sjófarenda.** (sjá framlagt gagn nr. 4) ÁP hvatti ráðsmenn til að koma með gagnrýni á drögin og senda inn tillögur varðandi áherslur og mælikvarða. Nokkur atriði voru viðruð og voru viðkomandi beðnir að senda þær hugmyndir á ÁP og ÞP.

6) Önnur mál.

- a) **Björgunartæki LHG.** ÁS opnaði umræðu um mikilvægi þess að LHG hafi ávallt til taks bestu mögulegu björgunartæki en nú áætla stjórnvöld án samráðs við LHG að selja TF Sif sem er eitt öflugasta leitar- og björgunartæki okkar Íslendinga og er það óviðunandi. Tóku aðrir ráðsmenn undir áhyggjur ÁS og var samþykkt ályktun vegna þessa (sjá neðst í skjalinu).
- b) **Langbylgja.** Á síðast fundi var lagt til að siglingaráð álykti um langbylgjusendingar og var málið rætt. ÁS benti á að langbylgjan væri mikið notuð af sjófarendum og að því fari víðs fjarri að aðrir útsendingar möguleikar komi í stað hennar. Óskaði hann eftir að Siglingaráð samþykki áskorun til stjórnvalda um að hætta ekki útsendingum Rásar 1 á Langbylgju. ÁP sagði að hægt væri að senda útvarpsstjóra ályktun ráðsins þar sem lýst er áhyggjum að verið sé að leggja niður langbylgjusendingar

Næsti fundur verður fimmtudaginn 2. Mars og boðaður í tölvupósti. Búast með við vinnufundi um Stefnumótandi öryggisáætlun sjófarenda / siglingaöryggisáætlun um miðjan febrúar.

IV og ÁP rituðu fundargerð.

Ályktun fagráðs um siglingamál:

Siglingaráð lýsir yfir áhyggjum sínum vegna áforma stjórnvalda um að Landhelgisgæslu Íslands sé gert að hætta rekstri og selja eftirlits- björgunar og sjúkraflugvélina TF – SIF. TF-SIF er gegnir grundvallarhlutverki við vöktun, leit og björgun á hafinu og þar með öryggis sjófarenda.

Starfsemi LHG er fjárfrek, búnaðurinn sem þarf til að takast á við eftirlit, leit, björgun, sjúkraflug í lofti og á legi þarf að vera fyrsta flokks til þess að takast á við oft á tíðum erfiðustu aðstæður sem fyrirfinnast í Íslenskri lögsögu.

Siglingaráð telur mikilvægt að öflug eftirlits- björgunar og sjúkraflugvél sé á forræði sama aðila og rekur björgunarþylur. Ef og þegar breytinga er þörf á tækjakosti, þá séu þær gerðar í fullu samráði við LHG þar sem þekking, reynsla og mannaflí er til staðar.

Siglingaráð óskar eftir því að Landhelgisgæslu Íslands verði tryggt fjármagn til þess að hægt sé að standa undir rekstri flugvélarinnar TF-SIF.

Öll óvissa varðandi verklag við eftirlit- björgun og sjúkraflutninga er ekki góð.

Áskorun vegna Langbylgjusendinga

Fagráð um siglingar, Siglingaráð lýsir yfir áhyggjum af þeim áformum RÚV að hætta útsendingum Rásar 1 á Langbylgju og skorar á ráðherra að beita sér gegn þeim áformum. Langbylgjan er mikið notuð af sjófarendum, oft eina útvarpsendingin sem næst og enn engir aðrir útsendingar möguleikar sem geta leyst hafa af hólmi.

<https://skessuhorn.is/2022/12/08/langbylgjusendingar-fra-gufuskalum-og-eidum-heyra-bratt-sogunni-til>